

REGLUGERÐ

um breytingu á hafnarreglugerð fyrir Ísafjarðarhöfn nr. 96 29. maí 1964.

1. gr.

36. gr. orðist þannig:

Við útreikning hafnargjalda af skipum skal alltaf talið í heilum rúmlestum, en sleppa brotum.

Hafnargjöld greiðast af hæstu rúmlestatölu skipsins meðan það stendur í höfninni.

2. gr.

38. gr. orðist þannig:

- Fiskiskip, sem eru eign búsettra manna á Ísafirði, og skrásett þar, svo og Djúp- báturinn, og ekki eru í millilandasiglingum, skulu greiða lestagjald einu sinni á ári 6 krónur fyrir hverja brúttórúmlest.
- Öll önnur skip, sem koma til hafnarinnar, nema varðskip, vitaskip, björgunarskip, rannsóknarskip, skip, með skirteini sem skemmtiferðaskip, skulu greiða 120 aura fyrir hverja brúttórúmlest. Strandferðaskip ríkissjóðs greiði þó aðeins 60 aura fyrir hverja brúttórúmlest.
- Ef skip, sem siglir eftir fyrir fram auglýstri áætlun, kemur aftur áður en liðnir eru 7 dagar frá því það greiddi síðast lestagjald, ber því eigi að greiða gjaldið í það sinn.

3. gr.

40. gr. orðist þannig:

Hvert skip, sem leggst við hafnarbakka, hvar sem er í höfninni eða að skipi, sem liggur við bólvirki eða bryggju, skal greiða bryggjugjald eftir stærð skipsins, talið í heilum rúmlestum, en brotum skal sleppa.

Gjöldin skulu vera sem hér segir:

- Fiskiskip, sem eru eign búsettra manna á Ísafirði, skrásett þar og Djúpbatúrin, og eru ekki í millilandasiglingum, greiða árlega 12.00 kr. af hverri brúttórúmlest.
- Öll aðkomuskip greiði 50 aura af hverri brúttórúmlest fyrir hvern hálfan sólarhring. Minnsta gjald skal þó vera 50.00 kr. í hvert sinn. Varðskip, vitaskip, skemmtiferðaskip og björgunarskip eru undanþegin bryggjugjaldi.
- Fyrir sérstaka notkun á bryggjum, bólvirkjum og uppfyllingum, svo sem aðgerði á fiski, flökum, fiskverkun, síldarsöltun, vörugeymslu o. fl., skal hafnarnefnd ákveða sérstakt gjald eða semja við viðkomandi aðila. Hafnarvörður tilkynni jafnóðum öll slík afnot til hafnargjaldkera.

4. gr.

45. gr. orðist þannig:

Öll skip, sem stærri eru en 50 brúttórúmlestir, skulu hvort sem þau nota hafnsögumann eða ekki, vera skyld til að greiða hafnsögugjald í fyrsta skipti á hverju ári, er þau koma á höfnina og leggjast við festar innan hafnarmerkja, sjá 1. gr.

Komi skip oftár á sama ári og fari ekki nema á ytri höfnina, skal það eigi greiða hafnsögugjald, nema það noti hafnsögumann. Innri höfnin er Pollurinn og sundin innan við Kaldáreyri.

Herskip, varðskip, björgunarskip, vitaskip ríkissjóðs, skemmtiferðaskip og skip, sem sérstaklega eru tilgreind í 10. gr., eru undanþegin hafnsögugjaldi, nema þau noti hafnsögumann.

5. gr.

41. gr. orðist þannig:

Sérstakt árlegt gjald skal greiða fyrir notkun báta hafnarinnar. Árgjaldið greiða öll þau skip, sem skrásett eru á Ísafirði og fiskveiðar stunda og auk þeirra þau skip önnur, sem nota bátahöfnina.

Gjöldin skulu vera:

- a. Skip skrásett á Ísafirði greiði kr. 14.00 af hverri brúttórúmllest árlega en minnst 65.00 kr.
- b. Skip skrásett utan Ísafjarðar greiði kr. 50.00 af hverri brúttórúmllest árlega, en minnst 140.00 krónur.

6. gr.

44. gr. orðist þannig:

Hafnsögugjöld skulu greidd samkvæmt eftirfarandi gjaldskrá:

- a. Fyrir leiðsögn til hafnarinnar kr. 480.00 fyrir hvert skip auk 1 krónu fyrir hverja brúttórúmllest, allt að 10 000 rúmllestum og 30 aura fyrir hverja brúttórúmllest, fram yfir 10 000. —
- b. Fyrir leiðsögn frá höfninni 360.00 krónur fyrir hvert skip, auk 60 aura fyrir hverja brúttórúmllest, allt að 10 000 rúmllestum og 30 aura fram yfir 10 000.
- c. Fyrir færslu skipa um höfnina:

480.00 krónur fyrir skip innan við 100 brúttórúmllestir, 600.00 krónur fyrir skip 100—500 brúttórúmllestir og 850.00 krónur fyrir skip stærri en 500 brúttórúmllestir.

7. gr.

Gjöld samkvæmt 49. gr. reglugerðarinnar (vörugjaldskrá), hækki um 20%.

8. gr.

1. málsgrein 66. gr. reglugerðarinnar orðist þannig:

Brot gegn reglugerð þessari varðar sektum allt að 100 000.00 krónum, nema þyngri refsing liggji við samkvæmt almennum lögum.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum nr. 48 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 18. júlí 1969.

Eggert G. Þorsteinsson.

Kristinn Gunnarsson.

REGLUGERÐ

fyrir Vatnsveitu Hólshrepps.

1. gr.

Hreppsnefnd Hólshrepps hefur einkarétt til reksturs vatnsveitu og sölu vatns á því svæði, er hún nær yfir, og getur fullnægt, svo og á Bolungarvíkurhöfn.

2. gr.

Hreppsnefnd fer með yfirstjórn vatnsveitunnar. Hreppsnefnd og sveitarstjóri annast öll framkvæmdastörf, er vatnsveituna varðar, svo og viðhald vatnsveitunnar